



Vinnuskjal

Efni: **Viðhald og bætt íþróttaaðstaða í Fjallabyggð**

Málsnr.: 2209014

Dags.: 16.1.2023

Unnið af: RS

Inngangur:

Þann 25.10.2022 var erindi 2210047 - Viðhald og bætt íþróttaaðstaða í Fjallabyggð lagt fyrir bæjarráð. Bæjarráð bókaði eftirfarandi:

Lagt fram erindi Óskars Þórðarsonar um viðhald og bættu íþróttaaðstöðu í Fjallabyggð. Í erindinu er óskað eftir upplýsingum um þau verkefni og framkvæmdir sem gerð hafa verið í Fjallabyggð til að viðhalda og bæta íþróttaaðstöðu í sveitarfélaginu.

Bæjarráð þakkar Óskari Þórðarsyni fyrir erindið og felur deildarstjóra fræðslu-, frístunda- og menningarmála að ræða við hann um fyrirspurn hans.

Úrvinnsla:

Deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála hafði samband við Óskar símleiðis í framhaldinu og spurði nánar út í erindið. Fram kom að hann er að falast eftir upplýsingum um framkvæmdir á sviði íþróttamála sem hafa bætt við aðstöðu til íþróttaiðkunnar á þann hátt að hún verði betri fyrir íþróttafélög. Hann er ekki að óska eftir upplýsingum um eðlilegar endurbætur og viðhald á mannvirkjum.

Eftirfarandi framkvæmdir eru þær sem undirrituð kemst næst að falli undir fyrirspurn Óskars Þórðarsonar.

Svæði hestamannafélags Glæsis:

- Tilfærsla girðinga og uppfylling samnings vegna tilfærslu á beitarhólfum í Hólsdal. Til komið vegna gerð golfvallar. Þó ekki sé um beinan ávinning að ræða fyrir Hestafélagið Glæsi en klárlega forsenda þess að golfvöllurinn varð að veruleika.

Kostnaður Fjallabyggðar 12.276.724,-

Íþróttamiðstöðvar:

- Millitjöld í bæði íþróttahús, 2018

Kostnaður Fjallabyggðar 9.414.121,-

Golfvöllur Skeggjabrekkudal:

- Framkvæmdir golfvelli Skeggjabrekkudal á árunum
 - Framkvæmdir á golfvelli 2022 kr. 5.499.782
 - Samningur 2018-2021 kr. 16.000.000
 - Samningur 2011-2014 kr. 12.000.000

- Vegur að golfskála og bílaplan

kr. 3.500.000

Kostnaður Fjallabyggðar 36.999.782,-

Skíðasvæði Siglufirði

- Troðsla á göngubraut í Hólsdal nú í samningi við Leyningsás

Golfvöllur í Hólsdal:

- Framlag Fjallabyggðar við gerð golfvallar í Hólsdal (uppgræðsla malarnámu) kr. 16.000.000-
- Æfingasvæði við Hól fyrir GKS, sláttur og afnot 2020-2022. Fjallabyggð sér um að slá svæðið 2x-3x yfir sumarið, kr. 800.000-

Kostnaður Fjallabyggðar kr. 16.800.000,-

Frístund:

- Tilurð Frístundar frá hausti 2017, auðveldar börnum aðgengi að íþróttum, fjölgun iðkenda íþróttafélaga. Rekstur Frístundar árið 2022 er um 8 milljónir árlega. Frístund hefur nú verið starfrækt í 5 skólaár, sem á núvirði væri metið á 40.000.000 kr.

Kostnaður Fjallabyggðar 40.000.000 kr.

Kraftlyftingarfélag Ólafsfjarðar, Fjallabyggð:

- Afnot af rækt utan opnunartíma íþróttamiðstöðvar Þó ekki séu hér um framkvæmdir að ræða, er sannarlega um að ræða framtak Fjallabyggðar til að auðvelda félaginu og afreksfólki þess að stunda æfingar í íþróttinni. Frá árinu 2018 hefur Fjallabyggð heimilað keppnisfólki æfingar í líkamsrækt íþróttamiðstöðvar Fjallabyggðar í Ólafsfirði utan opnunartíma.

Að auki hefur verið farið í stórt og smátt viðhald á íþróttamannvirkjum svo og vélum og búnaði á íþróttasvæðum.

Ríkey Sigurbjörnsdóttir

deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála